



Reykjavík, 3. maí 2021

R21050037

Viðtakandi: Forsætisráðuneyti, Katrín Jakobsdóttir

Efni: Erindi vegna reglna sem ganga í berhögg við lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að vinna gegn hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Undanfarið hefur verið lögð áhersla á aukna fræðslu til starfsfólks um stöðu hinsegin fólks og jafnrétti á starfstöðum borgarinnar. Vakin hefur verið athygli á réttindum og þörfum einstaklinga sem skilgreina sig hvorki sem karl né konu, meðal annars með því að falla frá kynjaskiptingu salerna. Kynjaskipting salerna getur verið útilokandi fyrir trans fólk og skapað vandræði fyrir fólk sem fellur ekki að viðteknum hugmyndum um kvenlegt og karllægt útlit (hvort sem það er trans eða sís) og annarra einstaklinga sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins. Í samræmi við þessar áherslur samþykkti mannréttinda- og lýðræðisráð Reykjavíkurborgar á fundi þann 5. júlí 2018 tillögu þess efnis að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar yrðu gerð ókyngreind.

Lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði voru samþykkt á Alþingi 1. júlí 2019. Með lögunum var viðurkenndur réttur einstaklinga til að hafa hlutlausa kynskráningu. Einnig taka lögini fram að fólk sem hefur breytt opinberri skráningu kyns síns nýtur allra þeirra réttinda að lögum sem skráð kyn ber með sér. Í samræmi við framangreinda ákvörðun ráðsins og með nýja löggjöf til hliðsjónar voru merkingar sem tákna kyn fjarlægðar af salernum í stjórnarsýsluhúsum Reykjavíkurborgar í Ráðhúsi og á Höfðatorgi sumarið 2019. Eigi að síður bárust athugasemdir frá Vinnueftirlitinu sem taldi breytingarnar brjóta gegn 22. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða, en samkvæmt túlkun stofnunarinnar gera reglurnar kröfu um að merkingar á salernum fyrir starfsmennu séu með þeim hætti að þau séu kynjaskipt fyrir karla annars vegar og konur hins vegar.

Samkvæmt upplýsingum frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er í vinnslu heildarendurskoðun á reglugerð um hollustuhætti og hefur verið litið til breytinga á henni með markmið laga um kynrænt sjálfræði að leiðarljósi. Þessar reglugerðir skapa ramma í kringum almenningssalerni og búningastöðu og því er um mikilvæga vinnu að ræða. Það er ánægjulegt að sjá að ráðuneytið hefur gripið til aðgerða til að tryggja að áðurgreind reglugerð standi vörð um réttindi fólks óháð kyntjáningu þess.

Ekkert hefur heyrst af samskonar vinnu á vettvangi félagsmálaráðuneytisins sem hefur þá reglugerð á forræði sínu sem skapar ramma í kringum salerni á starfsstöðum. Það er þessari reglugerð sem verður að breyta svo hægt sé að auka aðgengi allra kynja að starfsstöðum, bæði innan Reykjavíkurborgar og annarsstaðar.

Lög um kynrænt sjálfræði endurspegla skýran vilja löggjafans til þess að efla stöðu allra sem skilgreina kyn sitt utan tvíhyggju kynjakerfisins. Reykjavíkurborg vill því fara þess á leit við forsætisráðherra sem jafnframt fer með jafnréttismál að bregðast strax við stöðunni og tryggja hratt og örugglega yfirferð á löggjöf og reglugerðum sem kunna að ganga í berhögg við lög um kynrænt sjálfræði.

Dóra Björt Guðjónsdóttir

f.h. mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur